

# FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR FEBG 2023

Aðalfundur Félags eldri borgara í Garðabæ, haldinn í Jónshúsi mánudaginn 27. febrúar 2023 kl 13.30.

Formaður félagsins, Laufey Jóhannsdóttir, setti fundinn og bauð félagamenn og gesti velkomna í Jónshús. Gestir fundarins voru Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Björg Fenger formaður bæjarráðs, og Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Formaður lagði til að Stefánía Magnúsdóttir, fyrrverandi formaður félagsins, tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri þakkaði traustið og sagði að löglega hefði verið boðað til aðalfundarins með auglýsingu í Garðapóstinum, á Heimasíðu og Facebooksíðu félagsins, einnig á Instagram og með auglýsingu í Jónshúsi. Dagskrá væri venju samkvæmt.

Fundarstjóri lagði til að Lára Kjartansdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt.

## 1. Skýrsla stjórnar

Formaður, Laufey Jóhannsdóttir, bauð félagamenn og gesti velkomna, minntist látinna félagamenn og bað viðstadda að votta þeim virðingu sína með því að rísa úr sætum. Flutti síðan skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári, sem var mjög fjölbreytt. Skýrsla stjórnar fylgir með fundargerðinni.

Fundarstjóri þakkaði fyrir viðamikla skýrslu. Bað um að umræða yrði sameinuð um skýrslu stjórnar og ársreikninga eftir kynningu þeirra. Engin mótmælti. Bað þá gjaldkera að taka við og kynna ársreikninga.

## 2. Ársreikningar félagsins til umræðu og afgreiðslu

Gjaldkeri félagsins, Anna R. Möller, skýrði frá og las upp reikninga félagsins fyrir árið 2022 og kynnti með aðstoð skjávarpa. Rekstrartekjur félagsins urðu kr. 27.843.961 og rekstrargjöld kr. 27.302.613. Vaxtatekjur voru 64.107 og hagnaður ársins því kr. 605.455.

Efnahagsreikningur félagsins sýnir veltufjármuni kr. 11.021.153, eigið fé kr. 10.429.505 og skuldir 31.12.22 kr. 591.648, þannig að skuldir og eigið fé er alls kr. 11.021.153

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls um skýrslu stjórnar og ársreikningana.

Pálína Kristinsdóttir tók til máls og spurði um 13 miljónir til Janusar. Gjaldkeri svaraði og sagði að Garðabær styrkti félagið um 15 miljónir árlega, sem að mestu færi í þetta verkefni.

Ekki urðu fleiri spurningar og fundarstjóri bar síðan upp skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

### 3. Ákvörðun árgjalds

Gjaldkeri tók við og kynnti hvað félagið væri að greiða með hefðbundinni hreyfingu og þess vegna væri tillaga stjórnar um að hækka gjaldið úr kr. 2500 í kr. 3000. Fundarstjóri bar tillögu um hækkun upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs kynnt

Gjaldkeri kynnti, með aðstoð skjávarpa, fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Gert er ráð fyrir 1800 iðkendum og samtals tekjur áætlaðar kr. 26.800.000 og gjöldin kr. 25.922.129. Tekjur umfram gjöld yrðu því kr. 888.871.

### 6. Lagabreytingar

Gjaldkeri kynnti að félagið hefði rýnt í lögina og að stjórn félagsins árið 2020 hefði farið í að aðlaga lögina að lögum Landsambandsins. Breyting var gerð á titli laganna þ.e. að þar standi Lög í staðinn fyrir Samþykktir. Í 1. Kafla lið e) er leiðrétt orðið útivist, en þar stóð útivistarð, en verður útivist. Að lokum breyting í 3. kafla um dagskrá aðalfundar en þar er bætt inn liðum d. og e. til samræmis við lög Landsambandsins. Lagfæringarnar hafa legið frammi á skrifstofu félagsins og í Jónshúsi frá 13. febrúar og eru nú **Lög Félags eldri borgara í Garðabæ.**

Fundarstjóri bað fundargesti um að rétta upp hönd til samþykkar lagabreytinganna. Samþykkt samhljóða.

### 7. Kosningar:

Fundastjóri kynnti eftirfarandi kjör til stjórnar.

- a) Kosning formanns: Laufey Jóhannsdóttir gefur kost á sér áfram. Samþykkt með lófaklappi.
- b) Kosning fjögurra manna í aðalstjórn: Anna R.Möller, Lára Kjartasdóttir, Engilbert Gíslason og Magnús Halldórsson. Samþykkt með lófaklappi.
- c) Kosning þriggja varamanna: Jón Gunnar Pálsson Bryndís Sveinsdóttir og Finnbogi Aðalsteinsson. Samþykkt með lófaklappi.
- d) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara, allra til eins árs, Daði Guðmundsson, Gunnar Gunlaugsson og Ástbjörn Egilsson til vara. Samþykkt með lófaklappi.

### 8. Önnur mál

Laufey formaður tók til máls og bauð bæjarstjóra að taka til máls og sagðist vita að hann væri með skemmtilegt plagg fyrir félagið.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, tók til máls og ræddi um hve öflugt félagið væri, bæði í Garðabæ og Álftanesi, og dugnaður við að hlúa að starfinu. Nefndi Svanhildi, sviðstjóra fjölskyldusviðs og starfsmenn Jónshúss: Elínu, Helgu, Viktoríu og Eddu, og bað fundarmenn um að klappa fyrir þeim og þeirra öflugra starfi. Ræddi um Janusarverkefnið og það hafi verið farsælt skref að taka þátt í því. Markmiðið væri að koma til móts við félagið við heilsueflandi verkefni til heilla fyrir félagsmenn. Það

þyrfti að gera betur í aðstöðu fyrir eldra fólk og nefndi hvað væri í gangi og í bígerð. Miðgarður væri stórt verkefni, húsið vel nýtt með fjölbreytta starfsemi. Ræddi um framtíðarsýn, hvað tæki við í húsnæðismálum o.fl. Horft væri til þess að skoða svæði eins og Vetrarmýri, svæðið umhverfis Vífilstaði og Naustahlein. Samstarfssamningur væri gerður milli Garðabæjar og FEBG, í framhaldi samtals við stjórn félagsins. Garðabær vill kveikja fleiri neista og að starfsemin höfði til fjölbreytts og breiðs hóps fólks. Sagði í áætlun Garðabæjar talað um framlag bæjarins frekar en styrkur, hér væri verið að leggja fram samning sem væri dags. 27. feb 2023 að upphæð kr. 16.500.000 sem er hækkun frá fyrri samningi. Bað hann formann um að skrifa undir samninginn ásamt sér. Lauk máli sínu með því að hvetja félagið og félagsfólk til þess að hugsa um sjálft sig og fólkið í kringum sig og óskaði félaginu til hamingju með daginn. Formaður og bæjarstjóri skrifuðu síðan undir samninginn og fengu lófaklapp félagsmanna að því loknu.

Björg Þórðardóttir tók síðan til máls og þakkaði fyrir sig og spurði hver væri þóknun til stjórnar félagsins miðað við það mikla starf sem sem þau inntu af hendi. Gjaldkeri svaraði að formaður fengi greiddar kr. 50.000 á mánuði og gjaldkeri kr. 20.000.

Laufey formaður tók til máls og þakkaði bæjarstjóra fyrir og þakkaði fyrir gott samstarf, góðmennsku og hlýju. Sagði frá að úr stjórn væru að ganga tveir félagar, sem yrði mikil eftirsjá af. Það væru Hildigunnur Hlíðar og Kolbrún Thomas, bað þær um að koma til sín og voru þeim færðir blómvendir í þakklætisskyni fyrir störf sín. Formaður þakkaði þeim aftur fyrir góð störf og hjartahlýju. Kolbrún þakkaði fyrir sig og sagði að það væri búið að vera svo gaman og gefandi að vera í stjórninni þessi 5 ár.

Erla Bil Bjarnardóttir tók til máls og óskaði nýrri stjórn til hamingju. Talaði um að það væri mikilvægt að virkja andann jafnt og líkamann. Mikið væri til af myndum hjá Garðabæ en vantar að nafngreina fólk á þessum myndum. Beinir þeirri hugmynd til Öldrunarráðs í Garðabæ að kanna málið og skoraði á fólk að gefa kost á sér í sjálfböðastarf til að sinna þessu verkefni.

Ekki tóku fleiri til máls og fundarstjóri sagði sínu starfi lokið og bað formann að taka við fyrir lokaorð og til að slíta fundi. Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og upplýsti að 1850 manns væru í FEBG og sagði frá háum meðalaldri í t.d. dansleikfimi og Zumba. Þakkaði öllum félagsmönnum og gestum fyrir komuna og taldi upp það sem væri framundan í félagsstarfinu og sleit síðan fundi.

**Fundi slitið kl. 14.50**

**Lára Kjartansdóttir ritaði fundinn**